

Hópurinn skipa: Guðbjörg Viðarsdóttir, Fríður Sæmundsdóttir og Kolbrún Haraldsdóttir

- ✓ Hópurinn kom sér saman um vikulegan fundartíma á miðvikudögum kl. 8:00-8:30. Seinnipart vetrar hittist hópurinn á mánudögum kl. 15

Helstu verkefni:

- ✓ Ákveðið var á 1.fundi hópsins að halda áfram með Orðaprennuverkefnið. Notuð voru, eins og áður, verkefni frá Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Á mánudagsmorgnum sáu hópmeðlimir um að ljósrita og dreifa orðaprennu vikunnar á kennara/hengja upp í skólanum. Byrjað á bláu blaði sem ekki tókst að klára á síðasta skólaári vegna covid, einnig mælt til að kennarar rifji upp fyrri orðaprennur. Hópurinn lagði könnun fyrir kennara varðandi notkun Orðaprennunnar (sjá fylgiskjal). Í framhaldi af þeirri könnun var ákveðið var að hvíla Orðaprennuna a.m.k. fram til haustsins. Mætti jafnvel vera önnur útfærsla, kom fram á kennarafundi hugmynd að hver kennari velji sjálfur orð sem tengjast því sem verið er að vinna með hverju sinni í bekknum. Læsishópurinn hafði orð á því hvort halda ætti utan um þau orð en ekki var talin þörf á því. Okkur er því ekki kunnugt um hvort þetta verkefni hafi komist á. Við teljum að hugmyndin sé góð en þurfi utanumhald og skráningu þessara orða svo allir séu meðvitaðir um þau orð sem verið er að nota.
- ✓ Lestrarsamningar hafa verið notaðir áfram og mælast almennt vel fyrir. Samningurinn var notaður í flestum árgöngum í foreldraviðtölum í september. Þar settu nemendur sér markmið í lesfimi út frá niðurstöðum Lesferilsprófa í september. Samningarnir voru svo endurskoðaðir í janúar viðtölum og ný markmið sett fyrir vorið.
- ✓ Áfram voru umræður í hópnum um að samræma þurfi skriftarkennslu og auka vægi ritunar. Hópurinn skoðaði heimasíður ýmissa skóla og kom í ljós að fæstir skólar hafi markað sér sérstaka stefnu í þessum málum. Ákveðið að skriftarkennslustefna fari inn í væntanlega ritunarstefnu Flúðaskóla. Fundur var haldinn með Höllu G., Katrínu G. og Freyju þar sem við ræddum aðferðir varðandi skrift, hversu oft ætti að þjálfa skrift, hvaða efni ætti að nota, viðhorf til skriftar og hvernig þær sjái þessi málefni fyrir sér. Hópurinn skoðaði skriftarbækur og efni tengt skrift sem unnið er með í skólanum. Það eru m.a. Skrift 1-7, Góður-betri-bestur a og b bækur upp í 7. bekk, Ítaliúskrift 1a og 1b og heimahefti, Lestarlandið og Listin að lesa og skrifa. Rætt um að í stefnunni kæmi fram; grip, draga rétt til stafs, krókar, æfa samhæfingu og liðleika, spurning með að setja Ítaliúskrift í 1.bekk. Lista upp hvaða bækur eru notaðar í hverjum árgangi. Við leggjum til að Skrift 1-7 séu grunnbækur og kenndar markviss. Góður-Betri-Bestur eru einnig góðar bækur sem nota má sem viðbótarefni í takti við innlögn á Skrift 1-7. Við leggjum til að Ítaliúskrift 1a og 1b séu jafnframt grunnbækur í 1.bekk enda mikið um nauðsynlega krákustiga í þeim bókum. Reynslan hefur einnig sýnt að nemendur eiga auðveldara með að tileinka sér formfasta bókstafagerð (samanber Ítaliúskrift) sem síðar þróast í mýkri stafagerð, heldur en að byrja strax á mýkri tegund stafagerðar. Á undirbúningsdögum í haust er stefnan að setja fram matskvarða og stefnu fyrir hvern bekk í skrift þar sem fram koma áhersluatriði námsmats.
- ✓ Hópurinn sat umræðufund á vegum MMS þann 11. febrúar sem fjallaði um fyrirkomulag skriftarkennslu á öllum stigum skólans.
- ✓ Fríður hefur verið forprófunaraðili hjá MMS um matsramma í ritun, stefnumörkun er í gangi og verður vonandi tilbúin næsta vetur.

Fríður Sæmundsd. Guðbjörg Viðarsd. Kolbrún H.


Orðaprenna í Flúðaskóla

8 svör

Birta talnagögn


Hakaðu við það sem á við þig

8 svör




Á hvaða stigi kennir þú mest?

8 svör




Ég les yfir orðin með nemendum þegar nýtt orðaprennuspjald kemur.

8 svör




Ég læt nemendur nýta orðin í ritun.

7 svör




Ég nýti mér verkefnið sem koma í lok hvers orðaprennubunka til að vinna með nemendum.

8 svör



Ég er meðvituð/meðvitaður um að nota orðin, sem eru í umferð hverju sinni, í daglegu tali við nemendur.

8 svör



Hvernig nýti ég orðaprennuna á annan hátt en spurt hefur verið um hér að ofan?

4 svör

lk,æk

Ég læt nemendur nyta orðin í ritun..finnst vanta valmöguleika, nota stundum þegar nemendur eru að vinna í ritun hjá mér sem er ekki endilega í hverri viku.

tökum gott spjall um orðin sem koma og ég set þau í mismunandi setningar og samhengi til að reyna að fá þau til að skilja.

Nýti hana aðallega í að kynna orðin og reyna að nota þau í daglegu tali



Hvað finnst þér um Orðaprennuverkefnið?

8 svör

lækklæ

Gott, vekur umræður

Þetta er frábært verkefni sem hefur farið fyrir ofan garð og neðan hjá mér í covid. Fyrir covid nýtti ég mér verkefnið töluvert í ritun en núna í covid er ég ekki eins meðvituð um þetta, má bæta mig verulega í því.


Mjög sniðugt verkefni, ég reyni að nota orðin þegar þau passa inn í það sem við erum að gera og þá ekkert endilega nýjustu orðin bara þau sem henta.

Mjög flott verkefni. Ekki hægt að gera mikið með sum orðin/orðasamböndin hjá 1. bekk þar sem skilningurinn er ekki komin - verkefnin of flókin fyrir þau. En gaman að spjalla um orðin. Eflaust mjög gaman að vinna með þetta í eldri bekkjum þar sem allir eru læsir og skrifandi :)

Fínt verkefni

Takk fyrir þátttökuna

8 svör



Þetta efni er hvorki búið til né stutt af Google. [Tilkynna misnotkun](#) - [Þjónustuskilmálar](#) - [Persónuverndarstefna](#)

Google eyðublöð